



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2019

## FÓHE2FU05

Fóðrun og umsjón hesta  
FÓHE III

<b>Kennarar:</b>	<b>Sissel Tveten, Sveinn Ólasson, RML.</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>ST, SÓ, RML</b>
------------------	--	---------------	------------------------

### Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er að kenna helstu atriði varðandi fóðrun, fóðurgæði og umhirðu hesta. Nemendum er kennt að meta fóðurástand hesta sinna, gæði fóðurs og hvert sé nauðsynlegt næringarefna í innihaldi hestafóðurs. Farið verður yfir helstu grunnþætti almennar fóðurfræða og hvernig fóðra skal hesta miðað við mismunandi aðstæður og fóðurkröfur t.d. hest á viðhaldsfóðri, hest í vexti eða mikið brúkaðan reiðhest. Farið verður helstu þætti er snúa að dýravelferðarmálum og hvernig hægt sé að haga umhirðu hests þannig að hann hljóti aukin vellíðan s.s. rakstur, kemming og undirburður í stíum. Nemendur læra að meta ástand járningar og fótstöðu, öðlast meiri færni í meðhöndlun járningaverkfæra, læra að klippa til hófa, móta til skeifur og framkvæma einfalda járningu.

Kennsla fer að nokkru leiti fram í hesthúsum, en þurfa að meta holdafar hrossa sinna, setja upp fóðurráttun og skrásetja. Skýrslu skal skilað í lok námskeiðs.

**Undanfari:** HEST1GR05, REIM1GR05, FÓHE2HU03 (Eða HEM402 og REM403)

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunn atriði í fóðurfræði
- fóðurþörf og fóðurástandi hrossa
- mismunandi orkugjöfum
- gróffóðri og kjarnfóðri
- steinefnaþörf hrossa
- dýravelferðarmálum
- almennum atriðum er varða þrif á hrossum
- almennum atriðum er varða hreinlæti í hesthúsum
- aðbúnaði hrossa í hesthúsi
- grunnatriði varðandi járningar og fótstöðu

### **Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- hugsa rétt um hesta, fóðra þá og meta líkamlegt ástand, s.s. holdastig og almennt heilbrigði
- meta gæði fóðurs
- setja upp fóðuráætlanir með tillit til holdafars hesta, notkunar og gæði fóðurs
- umgangast og hirða hesta á öruggan og ábyrgðarfullan hátt
- meðhöndla járningaverkfæri
- klippa hófa miðað við grunnstöðu hófs
- járna einfaldar járningar
- raka undan faxi og kvið hrossa

### **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hugsa rétt um hesta, fóðra þá og meta líkamlegt ástand, s.s. holdastig og almennt heilbrigði.
- skrásetja atriði er lúta að umhirðu hrossa
- setja upp fóðuráætlanir
- fóðrað hross hvort sem er á húsi eða á útigangi
- járna einfaldar járningar
- meta rétta fótstöðu hrossa
- meta ástand járninga
- halda hestum á húsi hreinum og í sæld
- ganga rétt um búnað og verkfæri er lúta að hestahaldi s.s. járningaverkfæri, kamba, klippur, ofl.

### **Námsefni:**

Hestafræði Ingimars, ýmis efni frá kennara.

Greinar og ítarefni sem tengjast námsefninu verða birtar í innu.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	kennari
34	19.– 23. ágúst	Kynning á efni og uppbyggingu námskeiðs, úttekt á nemendahestu	ST SÓ
35	26.– 30. ágúst	Frí-Járningar og hófhirða, reglur varðandi keppni og kynbótasýningar.	-RML utan töflu -RML utan töflu
36	2.- 6. sept	Mat á fódri, Samsetning fódurs og næringarefna. Heysýni	RML RML
37	9.-13. sept	Meltingarfæri hrossa og meltanleiki fódurs.	SÓ SÓ
38	16.-20. sept	Fóðrun reiðhrossa. Fóður og fódurefni. Stigunarkvarði holdafars. Fóðurþarfir reiðhrossa.  (vettvangsferð fódurblöndunni, Einar Ásgeirsson) Samsetning fódurs og næringarefna	RML    ST vettvangsferð
39	23. - 27. sept	Heilbrigði meltingavegs, ormalyf og fæðubótarefni.	SÓ SÓ
40	30.sept- 4. okt	Hrossahagar, beit og beitarsjórnun hrossa	Landgræðslan Landgræðslan
41	7.- 11. okt	Fóðrun reiðhrossa. Fóður og fódurefni. Stigunarkvarði holdafars. Fóðurþarfir reiðhrossa.	RML  RML
42	14. - 16. okt	Stein- og snefilefni	RML RML
43	21. - 25. okt	Orku og próteinþarfir	RML RML
44	28.okt - 1. nóv	Umhirða reiðhrossa Rekstur á hesthúsi	RML RML
45	4. - 8. nóv	Umhirða reiðhrossa Undirburður í stíum	RML RML
46	11. - 15. nóv	Samantekt og upprifjun á fódurfræði	RML RML
47	18. - 22. nóv	Dýravelferð, lög og reglugerðir.	MAST/ST MAST/ST
48	25. – 29. nóv	Frí-Járningar og hófhirða, reglur varðandi keppni og kynbótasýningar.	-RML utan töflu -RML utan töflu
49	2. des - 6. des	Samantekt og upprifjun. Úttekt á nemandahesta.	ST SÓ

### Sérreglur áfangans:

Hluti áfangans er kenndur í formi námskeiða eða verkefna utan skólatíma. Fóðurdagbók skilast í lok annar auk skýrslu.

**Fyrirkomulag námsmats:**

<b>Námsþáttur</b>	<b>Lýsing á námsmati</b>	<b>Vægi</b>
Námsmat RML	Verkefni/próf/virkni í tímum	50%
Námsmat SÓ	Verkefni/próf/virkni í tímum	20%
Mæting		30%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**